



NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	13090734	Ábmr.	HLG
Málar.	11.3.1	Áðr.	ESP
Mett.	11.11.2013		
Athb.			

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Húsavík, 8. nóvember 2013
nr. erindis 201309028

Efni: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti auglýsir til umsóknar byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014

Fyrir bæjarráði liggur erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna umsóknar Norðurþings um byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014 en erindið var áður á dagskrá 85. fundar bæjarráðs.

Sveitarfélögum er boðið að leggja til breytingar á reglugerðum um úthlutun byggðakvóta enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem lögð eru til byggi á málefnanlegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðalags.

Eftirfarandi er ósk um breytingar á reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014. Með vísan til 2. greinar reglugerðar um úthlutun byggðakvóta óskar sveitarfélagið Norðurþing eftir sérstökum skilyrðum vegna úthlutunnar byggðakvóta fyrir byggðarlögin Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn.

• Ósk um breytingu á 1. grein, c liðar.c. liður. „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi“ verði breytt í „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi“.

Rökstuðningur. c. liður. Sveitarfélagið Norðurþing er „fjölkjarna“ sveitarfélag með þrjá þéttbýliskjarna og stórt dreifbýli og því er ekki sjálfgefið að búseta eigenda allra fiskiskipa sé í því byggðarlagi sem fiskiskip er skráð en úthlutun fer fram. Það er því bæði eðlilegt og sanngjarnt að miða lögheimilisskráningu eigenda við sveitarfélagið en ekki byggðarlagið.


• Ósk um breytingu á 4. grein. Að málsgreinin „Afli af fiskiskipum sem landað er í byggðarlagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi byggðarlags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.....“ verði breytt þannig að „afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.....“

Rökstuðningur. Eins og fram kemur í rökstuðningi vegna 1. mgr. er sveitarfélagið fjölkjarna en einn hafnarsjóður. Æskilegt er að bátar í sveitarfélaginu geti landað í öllum höfnun sveitarfélagsins án þess að það skerði möguleika þeirra við úthlutun byggðakvóta.

· Ósk um breytingu á 6. grein. Breyting fyrsta málsgrein „Fiskiskipun er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga?“ verði breytt í „Fiskiskipun er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins....“
Rökstuðningur. Eins og áður hefur verið bent á er sveitarfélagið Norðurþing „fjölkjarna“ sveitarfélag með þrjá þéttbýliskjarna og stórt dreifbýli. Vinnslur í sveitarfélaginu eru sérhæfðar m.t.t. fisktegunda og stærðar og í því ljósi nauðsynlegt að hægt sé að flytja afla á milli byggðakjarna til vinnslu í sveitarfélaginu.

Bókun bæjarráðs: Bæjarráð áréttar mikilvægi þess að úthlutaður byggðakvóti sé veiddur og unninn í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt,



Bergur Elías Ágústsson
Bæjarstjóri Norðurþings